

Fundargerð 383

Föstudaginn 10. júní 2011 kl. 12:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Grand Hótel við Sigtún í Reykjavík. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Anna Kristín Gunnarsdóttir formaður, Bjarni Jónsson, Arndís Soffía Sigurðardóttir, Ásmundur Sverrir Pálsson, Drífa Hjartardóttir, Sturla Böðvarsson og Þorvaldur T. Jónsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir, Snorri Björn Sigurðsson og Magnús Helgason sem jafnframt ritaði fundargerð.

Herdís Á. Sæmundardóttir boðaði forföll.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Verkefni á þróunarsviði
 - a. Búferlaflutningar íslenskra og erlendra ríkisborgara – kynning skýrslu
 - b. Mótvægisstyrkir til eflingar atvinnuþróunar og nýsköpunar – mat á árangri
 - c. Stuðningur við atvinnurekstur kvenna – mat á árangri verkefnisins
 - d. Samanburður fasteignagjalda á nokkrum þéttbýlisstöðum – kynning
3. Fundargerðir lánanefndar
4. Ál kaplar á Seyðisfirði – til upplýsingar
5. Önnur mál

Formaður setti fund kl. 12:12 og gekk til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar fundargerð síðasta fundar nr. 382 (f. skjal 1) upp til samþykktar.

Fundargerð samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Verkefni á þróunarsviði

SBS fór yfir verkefni á þróunarsviði

- a. Út er komin skýrslan „Erlendir ríkisborgarar í íslensku samfélagi“ (f. skjal 2a). Höfundur er Sigríður Elín Þórðardóttir. Meðal niðurstaðna úr skýrslunni er að erlendir ríkisborgarar hafa styrkt íslenskt efnahagskerfi og erlendir skattgreiðendur skila meiru til ríkis og sveitarfélaga en þeir kosta því flestir sem hingað koma eru á vinnufærum aldri. Í mars 2011 voru 20.500 erlendir ríkisborgarar á Íslandi sem er um 6,5% af heildaríbúafjölda landsins. Þar til viðbótar eru svo 7.700 einstaklingar á Íslandi með erlendan bakgrunn sem fengið hafa íslenskan ríkisborgararétt. 21.300 fleiri íslendingar hafa flutt til útlanda en heim á árunum 1961-2010.
- b. Dreift var greinargerð um mat á mótvægisstyrkjum til eflingar atvinnuþróunar og nýsköpunar (f. skjal 2b). Talið er að verkefni sem styrkt voru hafi leitt til 75 nýrra starfa.

- c. Farið var yfir greinargerð um stuðning við atvinnurekstur kvenna (f. skjal 2c) 19 umsóknir bárust, veittir voru 4 styrkir að upphæð 2 mkr. hver og er árangur mjög sýnilegur í tveimur verkefnum.
- d. Teknar hafa verið saman upplýsingar um fasteignamat og fasteignagjöld á nokkrum þéttbýlisstöðum. Af þeim þéttbýlisstöðum sem skoðaðir voru utan höfuðborgarsvæðisins er fasteignamat hæst á Akureyri en lægst á Patreksfirði.

Önnur verkefni sem Þróunarsvið er að vinna að eru m.a. hagtölur landshluta fyrir árið 2009, inngangskaflar að sóknaráætlun landshluta, atvinnutækifæri ungs fólks og verkefni fyrir fjárlaganefnd Alþingis.

Formaður vék af fundi og BJ tók við fundarstjórn.

3. Fundargerðir lánanefndar

AÐ fór yfir stöðu á „beinu brautar málum“ Nokkur mál eru enn í vinnslu.

Fundargerð 07/11, 11. maí 2011

AÐ fór yfir fundargerðina.

...

Fundargerðin staðfest

Fundargerð 08/11, 17. maí 2011

AÐ fór yfir fundargerðina.

...

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð 09/11, 1. júní 2011

AÐ fór yfir fundargerðina

...

Fundargerðin staðfest

...

4. Ál kaplar á Seyðisfirði – til upplýsinga

AÐ gerði grein fyrir minnisblaði sem Iðnaðarráðuneytið óskaði eftir varðandi fyrirhugaða ál kaplaverksmiðju á Seyðisfirði.

Stjórn Byggðastofnunar telur verkefnið áhugavert, en sökum fjárhagsstöðu stofnunarinnar er henni ókleift að koma að því nema til komi sérstakar fjárveitingar úr ríkissjóði í því skyni.

Önnur mál

ASS leggur til að á næsta fundi stjórnar verði farið yfir verklagsreglur stjórnar, einkum að því er varðar reglur um málskot til stjórnar. Samþykkt samhljóða.

ASS spurði um tilboð í eignir Bakkavíkur ehf. á Bolungarvík. AÐ upplýsti um þau tilboð sem hafa borist.

AÐ upplýsti að hann færi í sumarfrí til 25. júlí nk.

SB spurðist fyrir um málefni Eyrarodda. AÐ upplýsti að Toppfiskur ehf. hefði gert tilboð sem Byggðastofnun gæti fyrir sitt leyti gengið að.

BJ sagði frá stöðu um endurskipulagningu á stoðkerfi atvinnulífsins. Málið í bið en fyrirhugað var að kynna breytingar í síðasta mánuði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:05

Magnús Helgason, fundarritari

| | |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |